

7. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 32. og 39. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 28. janúar 2000.

Geir H. Haarde.

Árni Kolbeinsson.

3. febrúar 2000

Nr. 84

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Skagafjarðar.

Samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 með síðari breytingum hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Skagafjarðar nr. 872, 21. desember 1999, er taki gildi við birtingu:

Gjaldskrá Hitaveitu Skagafjarðar nr. 872, 21. desember 1999, breytist þannig:

II. KAFLI

4. gr.

Við 4. gr. bætist: „Fast gjald hjá þeim notendum sem kaupa heitt vatn eftir hemli skal vera krónur 200,00 pr. mán.“.

IV. KAFLI

8. gr.

Mælaleiga fyrir hvern mánuð skal vera sem hér segir:

Fyrir mæla $\frac{1}{2}$ " - $\frac{3}{4}$ " kr. 200,00 pr. mán.

Iðnaðarráðuneytinu, 3. febrúar 2000.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

1. febrúar 2000

Nr. 85

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Mosfellsbæ.

Breyting á deiliskipulagi hestúsahverfis á Varmárbökkum.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti óverulega breytingu á deiliskipulagi hestúsa- hverfis á Varmárbökkum, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 5. janúar 2000.

Breytingin felst í því að afmörkun byggingarreita er breytt.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og við gildistöku þess fellur úr gildi eldri deiliskipulagsuppdráttur sam- þykktur í bæjarstjórn 30. september 1995 og 25. september 1995 af skipulagi ríkisins.

Breyting á deiliskipulagi athafnasvæðis við Meltún.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis við Meltún, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 5. janúar 2000.

Breytingin felst í því að afmörkuð hefur verið lóð fyrir spennistöð og lóð nr. 2 minnkuð sem því nemur.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og við gildistöku þess fellur úr gildi eldri deiliskipulagsuppdráttur samþykktur í bæjarstjórn 26. maí 1999.

Deiliskipulagi lóðar Reykjalundar austan Varmár.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag lóðar Reykjalundar austan Varmár, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 19. janúar 2000.

Skipulagið nær til lands Reykjalundar sem er samtals 40,5 ha að flatarmáli. Þó er lóðarhluti Reykjalundar vestan við Varmá utan við deiliskipulagið.

Lóð Reykjalundar liggur að framtíðar útivistarsvæðum meðfram Varmá að vestan en Skammasalslæk að norðan. Til austurs er Reykjafjall skilgreint útivistarsvæði og Skammi-dalur útivistarsvæði til sérstakra nota. Næst lóðarmörkum að sunnanverðu gerir aðalskipulagið ráð fyrir íbúðarbyggð.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Mosfellsbæ, 1. febrúar 2000.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.